

Minnisblað

Dagsetning: 17. desember 2021
Viðtakandi: Náttúrufræðistofnun Íslands
Sendandi: Náttúrustofa Suðvesturlands

Efni: Vöktun náttúruverndarsvæða 2021 – Katlahraun

Katlahraun rann í sjó fram fyrir um 2.000 árum og hlóðst upp við ströndina vegna fyrirstöðu. Stór, hringlaga hrauntjörn myndaðist en tæmdist eftir að hlutar hennar höfðu storknað. Eftir standa margvíslegar, fallegar og óvenjulegar hraunmyndanir. Svæðið er nýtt af göngu- og reiðfólki.

Framkvæmd

Katlahraun var heimsótt þann 23. júní 2021. Gengið var um hraunið og ástand jarðminja og gróðurs metið. Notast var við spjaldtölvu og dróna til að taka ljósmyndir af skemmdum á gróðri og jarðminjum. Tveggja metra löng mælistika var höfð á myndunum til viðmiðunar. Dróni var einnig notaður til að kortleggja svæðið. Allar upplýsingar voru skrásettar á þar til gerð eyðublað.

Ástandsmat og frumniðurstöður

Búið er að færa myndir úr vöktun í gagnagrunninn FotoWare. Búið er að færa upplýsingar af eyðublaðum inn í gagnagrunn NÍ. Helstu niðurstöður úr vöktun þessa árs eru eftirfarandi:

Vegurinn að svæðinu, sem liggur einnig að selatöngum, er holóttur og erfiður yfirferðar.

Svæðið virðist lítið heimsótt og er ágangur á það lítill en helsta aðdráttaraflíð er að öllum líkindum hellir inni í Katlahrauni (1. mynd). Svæðið er viðkvæmt og þolir ekki mikinn ágang ferðafólks.


Engar merkingar eru sem vísa veginn að Katlahrauni. Ekki er greinilegur göngustígur að svæðinu en myndast hafa nokkrir hentistígir eða gönguslóðar að hrauninu. Hentistígarnir eru víðast hvar allvel grónir og falla ágætlega að umhverfinu (2. mynd), hins vegar er ljóst að aukin umferð myndi fljótt hafa neikvæð áhrif á ásýnd svæðisins.

Tillögur að áframhaldandi vöktun

Lítill umferð virðist vera um svæðið en vegna sérstöðu þess, viðkvæmum jarðminjum og skorti á innviðum er talið nauðsynlegt að halda vöktun áfram. Með vöktun annað hvert ár má fylgjast með hvort álag á svæðinu sé að aukast og hvort bregðast þurfi við til að forða svæðinu frá skemmdum.



1. mynd. Hellir í Katlahrauni.



2. mynd. Yfirlitsmynd úr dróna af Katlahrauni. Myndin sýnir vel hve ósnortið og einstakt svæðið er. Á svæðinu eru nokkrir hentistígar en þeir eru enn nokkuð vel grónir, falla vel að umhverfinu og sjást því varla á loftmynd.